

Umsögn
um frumvarp til laga
um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni,
nr. 65/1974 (neyslurými)
328. mál, stjórnarfrumvarp
150. löggjafarþing 2019–2020.

Nóvember 2019

AFSTAÐA

FÉLAG FANGA OG ANNARRA ÁHUGAMANNA
UM BÆTT FANGELSISMÁL OG BETRUN

Afstaða, félag fanga og annarra áhugamanna um bætt fangelsismál og betrun, telur að með frumvarpinu sé stigið jákvætt skref en harmar um leið að ekki sé gengið lengra og lagt til að varsla á neysluskömmtum vímuefna verði gerð refsilaus, eins og gert er í frumvarpi (23. mál) sem einnig er til umfjöllunar hjá velferðarnefnd og Afstaða skilaði jákvæðri umsögn um. Því er engu að síður fagnað að heilbrigðisráðherra skuli leggja fram frumvarp þar sem skaðaminnkun er í forgrunni.

Eins og sagði í umsögn Afstöðu um 23. mál þá eru neytendur vímuefna ekki afbrotamenn heldur oftast en ekki sjúklingar og því viðfangsefni heilbrigðiskerfisins en ekki refsivörslukerfisins. Það hefur enda sýnt sig að þessir sjúklingar koma ósjaldan í verra ástandi út í samfélagið á nýjan leik eftir afplánun í fangelsi og refsingar fyrir neyslu vímuefna því til þess fallnar að skaða þá einstaklinga frekar sem fallið hafa í fen fíknarinnar. Engu að síður eru langt leiddir fíkniefnaneytendur fangelsaðir og nota í afplánun oft og tíðum verulega hættuleg efni til þess eins að reyna komast í vímuástand.

Á undanförunum misserum hefur geysað faraldur í fangelsum landsins og vart líður sá mánuður sem ekki þarf að flytja fanga á sjúkrahús vegna neyslu á vímuefnum, helst hinu svokallaða Spice. Að mati Afstöðu ætti velferðarnefnd því að spyrja sig hvort hugmyndafræði skaðaminnkunar eigi ekki jafn vel við í fangelsum landsins og fyrir utan þau. Ef markmiðið er að draga úr heilsufarslegum, félagslegum og efnahagslegum afleiðingum notkunar vímuefna þá er liggur svarið fyrir.

Langt leiddir fíkniefnaneytendur í fangelsum sprauta sig með óþekktum efnum, stinga í sig skítugum nálum og náist þeir með vímuefni bíður þeirra þung refsing. Það er ekki öfundsvert að vera sjúklingur í fangelsi og með breytingum á frumvarpi þessu gæti velferðarnefnd gert líf þeirra verst settu örlítið bærilegra.

Að mati Afstöðu ætti að taka í notkun á Litla-Hrauni sérstakan gang þar sem skaðaminnkun er höfð í hávegum. Jafnframt ætti að skilja þann gang algjörlega frá öðrum þannig að engin samskipti séu á milli þeirra fanga sem verst settir eru og annarra sem eygja von um betra líf.

Að því sögðu lýsir Afstaða yfir vilja til þess að senda fulltrúa á fund velferðarnefndar, sé þess óskað, til þess að fara betur yfir þessi mál og hvernig þau snerta félagsmenn og þá sem þeim tengjast.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Afstöðu,

Guðmundur Ingi Þóroddsson
formaður Afstöðu